

**Dagskrá:**

**1. Verkaskipting stjórnar:**

Formaður: Jódís Bjarnadóttir

Áheyrnarfulltrúi í skólanefnd MH: Ásgeir Sigurðsson

Fulltrúi gagnvart Heimili og skóla: Arnbjörg Finnbogadóttir

Varamaður: Jón Árnason

Varamaður: Helga Viðarsdóttir

Tengiliður við forvarnarstarf MH: Fríður Reynisdóttir

**2. Hvenær er næsti skólanefndarfundur? Hvenær er næsta skólaball?**

Næsti skólanefndarfundur er miðvikudaginn 26. nóvember kl. 16:45 á skrifstofu skólastjóra. Ásgeir fer á þann fund. Næsta skólaball er trúlega jólaballið. Fríður mun koma upplýsingum til foreldraráðsins um tímasetningu á næsta balli, Jódís mun í kjölfarið kalla eftir aðstoð þeirra sem skráðu sig í raðagæslu.

**3. Heilsueflandi framhaldsskóli – hvernig verður því verkefni fylgt eftir í vetur**

Þetta árið verður einblínt á lífstíl – forvarnir, kynheilbrigði og jafnrétti. Í MH á m.a. að endurskoða forvarnarstefnuna. Byrjað var með „edrupottinn“ á skólaböllum sl. ár og mun það verkefni halda áfram. Nemendafélagið hefur tekið þá ákvörðun að þeir sem verða uppvísir af drykkju á balli fá ekki að fara á næsta ball („straff“). Lýðheilsustöð er með ákveðna gátlista til að fylgjast með hvernig menntaskólar fylgja eftir verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli“, Fríður mun sýna okkur gátlistann á næsta foreldraráðsfundi.

**4. Fundargerðir aðgengilegar – hvernig er best að framkvæma það?**

Jódís mun kanna hvernig best sé að koma fundargerðum á heimasíðu.

**5. Á foreldraráð að vera með styrktarsjóð?**

Upp kom hugmynd á síðasta skólanefndarfundum að foreldraráð myndi setja á stofn styrktarsjóð fyrir nemendur sem búa við erfiða fjárhagsstöðu. Foreldraráð MH hefur aldrei innheimt gjöld af foreldrum/forráðamönnum og ef af verður þá er mikilvægt að vanda til verka.

Jódís mun kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að setja á stofn slíkan styrktarsjóð og leita upplýsinga hjá Heimili og skóla og öðrum foreldraráðum.

**6. Önnur mál**

Ákveðið að halda foreldraráðsfundi á mánudögum kl. 17:30. Næsti fundur verður í kringum mánaðarmótin nóvember/desember, verður boðaður með góðum fyrirvara.

Fundi slitið!